

**Nd.**

**634. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Heimild þessa má nota um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar, eftir því sem ástæða þykir til.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

**2. gr.**

Brot gegn ákvæðum, er sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lög-reglumál.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.